

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 76/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Árna Óla Friðrikssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1992 að ósk ákærða og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Hér fyrir dómi krafðist hann staðfestingar á refsingu þeirri, sem ákveðin var í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Árni Óli Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 21. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 26/1992: Ákærvaldið gegn Árna Óla Friðrikssyni, sem tekið var til dóms 17. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. janúar sl.,

á hendur ákærða, Árna Óla Friðrikssyni, refsifanga, Drafnarstíg 2 A, Reykjavík, fæddum 15. ágúst 1956, fæðingarnúmer 434, „fyrir skjalafals með því að hafa í september og október 1991 notað eftirtalin skjöl til þess að blekkja með þeim í lögskiptum í Reykjavík.

1. Með bréfi, dagsettu 27. september, til félags- og sálfræðiráðgjafa Fangelismálastofnunar framvísað staðgreiðslunótu, dagsettri 12. september, frá Iðnú, bókaútgáfu, fyrir kaup á skólavörum vegna náms síns í Iðnskólanum í Reykjavík, eftir að hann hafði breytt fjárhæð nótunnar úr 80 kr. í 13.680 kr. Með þessum hætti fékk ákærði styrk, að fjárhæð 12.000 kr., frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

2. Með bréfi, dagsettu 27. október, til sama aðila framvísað staðgreiðslunótu, dagsettri 28. október, frá Iðnú, bókaútgáfu, eftir að hann hafði bætt við texta nótunnar orðunum „Rafeindatækni vörur” og breytt fjárhæð úr 65 kr. í 7.865 kr.

3. Með sama bréfi framvísað staðgreiðslunótu, dagsettri 28. október, frá Iðnú, bókaútgáfu, eftir að hann hafði bætt við texta nótunnar orðinu „Raffræði” og breytt fjárhæð úr 90 kr. í 8.190 kr.

4. Framvísað til Frímanns Helgasonar, kennara í Iðnskólanum í Reykjavík, bréfi, dagsettu 20. september, sem ber með sér að eiga að vera frá Fangelismálastofnun og er þess efnis, að ákærði hafi af óviðráðanlegum ástæðum ekki getað sótt kennslu í Iðnskólanum í Reykjavík frá 2. september til 13. september. Ákærði vélritaði bréfið og falsaði nafn Sigurðar G. Gíslasonar, deildarstjóra í Fangelismálastofnun, undir bréfið.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

Málavextir eru þessir:

I.

Með bréfi Fangelismálastofnunar ríkisins til RLR, dagsettu 31. október sl., var farið fram á opinbera rannsókn á því, hvort ákærði, sem afplánar átta ára fangelsisrefsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 24. febrúar 1988, hefði gerst sekur um skjalafals í tengslum við nám sitt í Iðnskólanum í Reykjavík. Er því lýst í bréfinu, að ákærði hafi keypt námsgögn í bókaverslun skólans, IÐNÚ, og fengið afhentar þrjár staðgreiðslunótur vegna viðskiptanna. Hafi ákærði framvísað nótum þessum til félags- og sálfræðiráðgjafa stofnunarinnar í því skyni að fá styrk hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar vegna kostnaðar við námið. Segir í bréfinu, að vegna fyrstu nótunnar, dags. 12. september 1991, að fjárhæð 13.680 kr., hafi ákærði fengið styrk, að fjárhæð 12.000 kr., en

vegna tveggja hinna síðari nótna, sem eru að fjárhæð 7.865 kr. og 8.190 kr., hafi ákærði ekki fengið styrk, en hann hafi framvísað þeim í því skyni. Leiki grunur á því, að upphæð á nótunum hafi verið breytt eftir á.

Í málinu liggur frammi ljósrit af bréfi ákærða til ofangreinds félags- og sálfræðiráðgjafa, dagsettu 27. september sl., og segir svo í bréfinu m.a.: „Ég er búinn að kaupa mér bækur fyrir 13.680 kr. og á eftir að kaupa, sem ég hef athugað, námsefni fyrir um 10.000 til 12.000 kr. í viðbót, sem ég hef ekki getað keypt vegna féleysis. Ég er ekki á námslánum og þarf því að fá styrk til kaupa á námsefni.“

Þá liggur frammi í málinu bréf Fangelsismálastofnunar til Félagsmálastofnunar, þar sem óskað er eftir fjárhagsaðstoð handa ákærða við kaup á námsbókum, að fjárhæð 12.000 kr. Segir í bréfinu m.a., að ákærði sé þegar búinn að kaupa bækur fyrir 13.680 kr., en eigi eftir að kaupa náms- efni fyrir um það bil 12.000 kr. í viðbót.

Samkvæmt gögnum málsins eru nóturnar að fjárhæð 7.865 kr. og 8.190 kr., báðar dagsettar 28/10 1991, en bréf ákærða til félags- og sálfræðiráðgjafa er dagsett 27/10 1991. Er efni þess svohljóðandi: „Hérna eru nóturnar varðandi bókakaup. Þú reynir hvað þú getur.“

Tæknideild RLR hefur rannsakað ofangreindar nótur, og er niðurstaða Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns svohljóðandi:

1. Staðgreiðslunóta, 13.680 kr. Bætt er tölustafnum „1“ framan við fjárhæðarliðinn 3680 kr.

2. Staðgreiðslunóta, 7.865 kr. Bætt er við orðunum „RAFEINDA-TÆKNI VÖRUR“ í úttektarlið nótunnar og tölustöfunum „7.8“ framan við fjárhæðarliðinn 65 kr.

3. Staðgreiðslunóta, 8.190 kr. Bætt er við orðinu „RAFFRÆDI“ í úttektarlið nótunnar og tölustöfunum „8.1“ framan við fjárhæðarliðinn 90 kr.

Við yfirheyrslu hjá RLR lýsti starfsstúlka bóksölnunnar yfir því, er henni var sýnd nóta að fjárhæð 13.680 kr., að hún hefði einungis skrifað stafina 8 og 0, en ekki 1, 3 og 6.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist ekki við að hafa breytt fjárhæð nótu þeirrar, er um er getið í 1. tl. ákæru. Ákærði kvaðst hafa keypt bækur hjá IÐNÚ fyrir 13.680 kr.

Ákærða var kynnt niðurstaða rannsóknar tæknideildar RLR á áður- greindri nótu, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu, að tölustafnum 1 hafi verið bætt framan við fjárhæðarliðinn 3.680. Þá var ákærða kynntur framburður Sigurlaugar Sigurjónsdóttur, þar sem hún segist einungis hafa skrifað stafina 8 og 0. Ákærði kvaðst halda fast við sinn framburð. Ákærði tók fram, að styrkur sá, er hann fékk, að fjárhæð 12.000 kr., hefði verið veittur til frekari bókakaupa, en eins og kom fram í bréfi ákærða til

Kolbrúnar Baldursdóttur, sbr. dskj. I. 10, hafi ákærði þegar verið búinn að kaupa bækur fyrir 13.680 kr.

Ákærði kannaðist við að hafa breytt fjárhæð nótu úr 65 kr. í 7.865 kr. og jafnframt bætt við texta á nótuna, eins og nánar er rakið í 2. tl. ákæru.

Þá kannaðist ákærði við að hafa breytt fjárhæð nótu úr 90 kr. í 8.190 kr. og jafnframt bætt við texta á nótuna, eins og nánar er rakið í 3. tl. ákæru.

Ákærði kannaðist við að hafa sent tvær síðastgreindar nótur með bréfi, dagsettu 27.10. 1991, til Kolbrúnar Baldursdóttur hjá Fangelsismálastofnun. Ákærða var bent á, að nóturnar væru dagsettar 28.10. 1991, en bréfið dagsett 27.10. 1991. Ákærða fannst líklegasta skýringin sú, að hann hefði af vangá dagsett bréfið ranglega.

Ákærði kvað, að tilgangur með því að breyta nótunum hefði verið sá að athuga, hvort ekki fengist styrkur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar til bókakaupa.

Niðurstöður.

Ákærði hefur greiðlega gengist við því að hafa falsað þær tvær nótur, sem að er vikið í 2. og 3. tl. ákæruskjals. Þá hefur ákærði kannast við að hafa framvísað nótunum í þeim tilgangi að fá fjárstyrk frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Reyndi ákærði með þessum hætti að sýna fram á, að námskostnaður sinn næmi 16.055 kr. í stað 155 kr. Varðar þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur hins vegar staðfastlega neitað því að hafa falsað nótu, að fjárhæð 13.680 kr. Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa breytt fjárhæð nótunnar úr 80 kr. í 13.680 kr. Niðurstaða tæknideildar RLR er hins vegar sú, að tölustafnum „1“ hafi verið bætt framan við 3680. Þá er til þess að líta, að tölustafurinn „1“ á þessari nótu er verulega frábrugðinn tölustafnum „1“ á nótu að fjárhæð 8.190 kr., sem ákærði hefur viðurkennt að hafa falsað. Hefur þetta atriði ekki sérstaklega verið rannsakað hjá tæknideild RLR. Með vísan til ofanritaðs þykir svo mikill vafi leika á sekt ákærða að þessu leyti, að ekki verði komist hjá því að sýkna hann af þessum ákæru-lið.

II.

Með bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins til RLR, dags. 31. október sl., var óskað rannsóknar á því, hvort ákærði hefði gerst sekur um skjalafals, en hann hefði framvísað í Iðnskólanum skjali, sem átt hefði að vera frá Fangelsismálastofnun, með falsaðri undirritun Sigurðar G. Gíslasonar deildarstjóra, þess efnis, að ákærði hefði af óviðráðanlegum ástæðum ekki

getað sótt kennslu í Iðnskólanum frá 2. september til 13. september sl. Í bréfinu er því lýst, að samkvæmt beiðni ákærða og með heimild í 14. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist hafi ákærða verið heimilað að stunda nám utan fangelsis í Iðnskólanum í Reykjavík. Hafi honum verið sett ákveðin skilyrði um skólagönguna og hann vistaður í Hegningarhúsinu frá 6. september sl. Hafi starfsmenn Hegningarhússins komist að því, að um verulegar fjarvistir hafi verið að ræða hjá ákærða á þessari önn.

Ákærði kannaðist við fyrir dómi að hafa framvísað til kennara í Iðnskólanum bréfi, dagsettu 20. september sl., og falsað undirritun Sigurðar G. Gíslasonar, eins og nánar er rakið í 4 tl. ákæru. Jafnframt kannaðist ákærði við að hafa samið efni bréfsins að öllu leyti.

Ákærði tók fram, að hann hefði verið á Litla-Hrauni til 6. september sl. og því af skiljanlegum ástæðum ekki getað sótt skólann frá 2. september, er skólaönn hófst. Ákærði kvaðst hafa sótt skólann stopult, og vegna fjarvista sinna hefðu verið gerðar athugasemdir af hálfu skólayfirvalda, og kvaðst ákærði hafa tekið til þess ráðs að útbúa áðurgreint bréf. Ákærði kvaðst með þessu móti hafa brotið þau skilyrði, sem Fangelsismálastofnun setur föngum, til að unnt sé að stunda nám utan fangelsis. Ákærði kvaðst hafa notað fjarvistir sínar til að heimsækja unnustu sína og börn. Ákærði vildi taka fram, að þessi háttsemi sín hefði verið talin agabrot, og hefði hann hlotið refsingu fyrir hjá fangelsismálayfirvöldum.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 4. tl. ákæruskjals. Ákærði er refsifangi, og hafði hann hlotið sérstaka heimild samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist til að stunda nám utan fangelsis. Verður því að telja, að stofnast hafi réttarsamband, er telja verður lögskipti í merkingu 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum dómum:

1985 14/5 Varðhald 2 mánuði, skb. 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1987 14/4 Fangelsi 8 ár fyrir brot gegn 2. mgr. 218., 1. mgr. 194., sbr. 20. gr. alm. hgl. Ofangreindur dómur dæmdur með.

1988 24/2 Dómur Hæstaréttar varðandi dóm frá 14/4 1987. Hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Auk þessa hefur ákærði á árunum 1974 til 1982 fjórum sinnum sæst á sektagreiðslur fyrir umferðarlagabrot og skjalafals.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir sérstaklega mega líta til þess, að ákærði, sem afplánar dóm fyrir alvarlegan verknað, beitir falsgögnum, til þess að honum sé unnt að nýta þann tíma, er hann átti að vera í námi, á annan hátt en til var ætlast. Með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir refsing ákærða því hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu 5/6 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 kr., en 1/6 hluti greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Óli Friðriksson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði 5/6 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 kr., en 1/6 hluti greiðist úr ríkissjóði.
